



Til:
Efni:
Upplýsingar:

bergblind@utu.is

Re: Fw: 1709046 - Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag fyrir Reykholt í Þjórsárdal. Umsagnarbeið
Sent: 31.05.2018 19:26:27 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018040026, Bréfalyklar: 42-0 Ums
almennt

Tilvísun í mál: 2018040026

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi, dags. 20. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels, baðlóns og veitingastaðar við Reykholt Þjórsárdal. Deiliskipulagstillaga fyrir svæðið er auglýst samhliða.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að aðalskipulagi verði breytt vegna byggingar hótels, baðlóns og veitingastaðar við Reykholt í Þjórsárdal.

Í deiliskipulagstillögu kemur fram í kafla 2.6. Málsmeðferð og samráð að Náttúrufræðistofnun hafi ekki sent inn umsögn um deiliskipulagið en það var engu að síður gert 23. janúar sl., sjá meðfylgjandi umsögn.

Náttúrufræðistofnun telur að almennt sé leitast við í deiliskipulagstillögunni að tryggja að áhrif á umhverfi og náttúru svæðisins verði sem minnst og tekur stofnunin undir þau sjónarmið sem koma m.a. fram í kafla 3.2 um gróður og frágang lóða, þar undir t.d. að nota staðargróður, í kafla 3.3. um lýsingu og almenn sjónarmið sem koma fram í kafla 3.5 (og 3.5.1) um að mannvirki skuli felld að landi. Einnig er fjallað um að öllu raski skulið haldið lágmarki þar sem svæðið sé tiltölulega ósnortið og m.a. í nálægð við svæði nr. 731 náttúruminjaskrá, sjá kafla 4.2.5. Enn er þó óljóst, sjá fyrri umsögn stofnunarinnar, að hve miklu leiti á að raska hlíðum Rauðkamba en teikningar af mannvirkjum liggja ekki fyrir. Vert er að benda á að þó 61. gr. laga um náttúruvernd veiti vernd fyrir ákveðnar jarðmyndanir þá þýðir það ekki að aðrar jarðmyndanir, sem ekki eru nefndar í þeirri grein laganna, geti ekki verið sérstakar sbr. umfjöllun í 2. mgr. í kafla 4.2.1. Í tillögunni kemur fram að taka skuli mið af 69. gr. laga um náttúruvernd sem vonandi verður til þess að vel takist til um áhrif mannvirkja á ásýnd og landslag sbr. kafla 4.2.3.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við framlagða deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 23. janúar sl.

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppur, dags. 11. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og tillögu að deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar við Reykholt í Þjórsárdal. Annars vegar er gert ráð fyrir afmörkun á reit fyrir verslunar og þjónustusvæði við Reykholt (24 ha), í Þjórsárdal þar sem fyrir er sundlaug og aðstaða við hana (búningsaðstaða, sundlaug, salerni og skúrar) sem nú er lokuð, og móttökusvæði við þjóðveg (2 ha) við gatnamót Þjórsárdalsvegar.

Í greinargerð með skipulaginu kemur fram að lögð verður áhersla á náttúruvernd og sjálfbærni og að m.a. verði hótél og þjónustubygging vottuð skv. BREEAM vottunarkerfi, allt rask verði í lágmarki á nærliggjandi svæðum og þess gætt að allar framkvæmdir falli vel að landslagi og ásýnd svæðisins. Fram kemur að skipulagið er í nánd við svæði nr. 731 á náttúruminjaskrá og að taka þurfi tillit til þess við allar framkvæmdir og rekstur.

Í skilmálum 3.3. kemur fram að horfa skuli til þess að varðveita staðargróður. Engu að síður kemur fram að heimilt verði að planta trjám í samráði við sveitarfélagið og/eða Skógræktina/Landgræðsluna. Ekkert er tekin bein afstaða til framandi tegunda eða framandi ágengra tegunda. Þetta þarf að skoða m.a. m.t.t. laga

um náttúruvernd og hvað felst í sjálfbærnihugtakinu.

Tekið er undir að lágmarka skuli ljósmagn eins og hægt er skv. skilmálum 3.4.

Tekið er undir sjónarmið um að fella mannvirki eins og kostur er að landinu og náttúru þess. Í uppdrætti virðist eins og byggingarreitir B1 sé felldur inn í hlíðar Rauðukamba, sjá einnig umhverfisskýrslu. Að mati Náttúrufræðistofnunar er óvíst hvort það falli vel að landslagi svæðisins að rjúfa og raska hlíðum Rauðukamba, jarðmyndun, frekar en að móta byggingar að landslaginu á annan hátt.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki haft tækifæri til að fara á vettvang og skoða svæðið. Nánast engar myndir er að finna af svæðinu í skipulagstillögunum. Lítið sem ekkert er fjallað um gróður og jarðmyndanir og gildi þessarar þátta, þ.e. hverju stendur til að raska. Í umhverfisskýrslu er komið inn á suma þessara þátta en mjög lauslega. Svæði/reitur A hefur vissulega verið nýtt lengi að hluta en það á að stækka töluvert og auka byggingarmagn og hefði því átt að gera betur grein fyrir náttúrufari svæðisins m.t.t. viðmiða í lögum um náttúruvernd, sjá meðfylgjandi upplýsingar:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útvist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS

Dags: 20.04.2018 10:53:18

Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS

Efni: Fw: 1709046 - Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag fyrir Reykholt í Þjórsárdal. Umsagnarbeiðni

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 20.04.2018 10:53 -----

From: Berglind Sigurðardóttir <berglind@utu.is>

To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>, "olb@vegagerdin.is" <olb@vegagerdin.is>, "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>, "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "postur@for.is"

<postur@for.is>, "postur@arn.is" <postur@arn.is>, "upplýsingar@ferdamal.is" <upplýsingar@ferdamal.is>, "land@land.is" <land@land.is>, "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>

Date: 20.04.2018 09:51

Subject: 1709046 - Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag fyri Reykholt í Þjórsárdal. Umsagnarbeiðni

Góðan dag,

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur birt auglýsingu um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels, baðlóns og veitingastaðar við Reykholt í Þjórsárdal og er tillaga að deiliskipulagi svæðisins auglýst samhliða. Eru tillögurnar í kynningu frá 18. apríl með athugasemdafresti til 31. maí 2018.

Tillögur að skipulagi svæðisins voru áður sendar til umsagnar með tölvupósti dags. 11. janúar 2018 en gerðar hafa verið nokkrar breytingar á gögnum og eru þær því sendar til umsagnar að nýju.

Er hér með óskað eftir umsögn eftirfarandi aðila um skipulagstillögurnar :

- Umhverfisstofnun
- Landgræðsla ríkisins
- Skógrækt ríkisins
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Forsætisráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Ferðamálastofa
- Skipulagsstofnun

Skipulagsgögn (mál 1 og 4)

<https://www.utu.is/skipulagsauglysing-sem-birtist-18-april-2018-2/>

*Með kveðju,
Berglind*

Berglind Sigurðardóttir
Skipulagsfulltrúi

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita.
Dalbraut 12, 840 Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: berglind@utu.is

Vefsíða: www.utu.is